

Upplýsingar fyrir Vinnuskólann sumarið 2018:

Aldur:

Vinnuskólinn er fyrir 14 - 16 ára (fædd árin 2004, 2003 og 2002).

Skráning:

Forráðamenn þurfa að skrá unglinginn sinn í Vinnuskólann. Skráningin fer fram á ráðningarvef Garðabæjar. Á forsíðu gardabaer.is er hlekkur til að komast inn á ráðningarvef Garðabæjar. Athugið að við skráningu þarf nemandi að eiga bankareikning sem stofnaður er á kennitölu hans.

Vakin er athygli á að árið sem 16 ára aldri er náð verður skattskylda eins og hjá fullorðnum og þarf launþegi að ráðstafa persónuafslætti til vinnuveitanda. Ráðstöfun persónuafsláttar er á ábyrgð launþega. Spurt er um ráðstöfun í umsókn og er sú útfylling gild þar til önnur ráðstöfun berst til mannauðs- og kjaradeildar. Sjá nánar hér:

<http://www.gardabaer.is/stjornsysla/starsfmannamal/nyting-personuafslattar/>

Dagsetningar:

Skólinn hefst mánudaginn **11. júní** kl. 8.30 hjá nemendum sem fæddir eru **2002 og 2003** og miðvikudaginn **13. júní** hjá þeim sem eru fæddir árið **2004**.

Nemendur búsettir á Álftanesi mæta í Félagsmiðstöðina Elítuna.

Aðrir mæta í Garðaskóla, norðurbyggingu.

Áætlaður lokadagur Vinnuskólans er miðvikudaginn **25. júlí**.

Vinnutími:

14 ára (fædd 2004): Mætt er fyrir hádegi fjóra daga í viku, frá kl.8:30 til kl.12. Fimmta daginn er í boði þátttaka í forvarna- og hópeflisverkefninu Egó. Daglegur vinnutími reiknast 3,5 klst. auk 2 klst. í Egó. Samtals 16 tímar á viku.

15-16 ára (fædd árin 2002 og 2003): Unnið frá kl.8:30 til 12 og frá kl. 13:00 til 15:30.

Daglegur vinnutími reiknast 6 klst. Unnið er 3,5 klst. fyrir hádegi á föstudögum. Samtals möguleiki á 27,5 klst. vinnu á viku. Vinnuskólinn áskilur sér rétt til að takmarka frekar vinnutíma ef skráning fer fram úr áætlunum.

Dagskrá:

Almenn störf og áherslur í Vinnuskóla eru garðyrkja, gróðursetning, hirðing á lóðum og opnum svæðum bæjarins og skipulagt tómsundastarf.

Einnig eru í boði nokkur aðstoðarstörf hjá stofnunum og æskulýðsfélögum, s.s. leikskólum, leikjanámskeiðum og námskeiðum skáta o.fl. fyrir þá sem fæddir eru árin 2002 og 2003.

Hægt er að merkja við þessi aðstoðarstörf inn á skráningareyðublaðinu. Ofangreindir aðilar fá síðan listann og velja til sín af honum. Athugið að vinnutími unglinga í aðstoðarstörfum hjá félögum er í einhverjum tilvikum aðlagður að tímasetningu sumarnámskeiða sem sum hver geta verið fram í ágúst.

Laun:

14 ára unglingar, 8. bekkingar (f.2004) kr. 550 pr.klst. (499 kr. án orlofs)

15 ára unglingar, 9. bekkingar (f.2003) kr. 620 pr.klst. (562,7 kr. án orlofs)

16 ára unglingar, 10. bekkingar (f.2002) kr. 825 pr.klst. (748,8 kr. án orlofs)